

Alþingi
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Dags: 31. maí 2023
Málsnúmer: 2303045

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu landvörslu, 274. mál

Vísað er til tölvupósta frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. mars og 25. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) um ofangreint þingmál.

Af hálfu þjóðgarðsins er eindregið tekið undir mikilvægi þess að gerð verði markviss áætlun um eflingu landvörslu. Í skýrslu starfshóps umhverfis- orku- og loftslagráðherra „Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði - Staða og áskoranir“ sem gefin var út í nóvember 2022, er lögð áhersla á slíka áætlunargerð í ljósi þess að framlög eru víða naumt skömmtuð til landvörslu og annars rekstrar. Meta þurfi mannaflapörf vegna rekstrar friðlýstra svæða á grundvelli þjónustustigs hvers svæðis og fjölda ferðamanna sem heimsækja einstaka áfangastaði. Það er mat Vatnajökulsþjóðgarðs að enn fremur þurfi við slíka vinnu að liggja til grundvallar mat á verndargildi svæða og eðli þeirra er varðar t.d. staðsetningu/aðgengileika og viðkvæmni náttúru eða minja.

Í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun VJP eru landvörslustöðvar skipulagðar þar sem nauðsynlegt er vegna umferðar að hafa eftirlit innan þjóðgarðsins og veita þjónustu sem krefst viðveru eins og fræðsla, upplýsingagjöf eða gisting. Landvörslustöðvar eru þannig lykilþáttur í þjónustuneti þjóðgarðsins og gegna auk þess mikilvægu öryggishlutverki.

Landvörslustöðvar kallast einnig á við uppbyggingu á innviðum og eru lykilþáttur við stýringu til að draga úr álagi á náttúru og minjar, einkum við þær aðstæður þegar straumur ferðamanna vex hratt eins og nú liggur víðast fyrir. Vatnajökulsþjóðgarður er sammála því mati Umhverfisstofnunar að landvarsla sé eitt öflugasta verkfærið sem nýtist við að draga úr álagi á náttúruna af völdum umferðar gesta á þeim verndarsvæðum sem þeir starfa á. Landverðir geta með fræðslu og stýringu haft mikil og jákvæð áhrif á ferðahegðun og upplifun gesta og þannig dregið verulega úr álagi sem umferðin kynni annars að valda.

Að ofansögðu vill Vatnajökulsþjóðgarður minna á að fjármögnun landvörslu krefst auk launakostnaðar, drjúgs rekstrarkostnaðar vegna ferða, starfsmannaaðstöðu (gisting) o.fl., sem gera þarf ráð fyrir samhliða.

Í ljósi aukinna krafna um öflun sértekna á friðlýstum svæðum, skal bent á mikilvægi þess að fjármögnun svæða í grunnþáttum landvörslu sé tryggð, óháð fjölda ferðamanna. Þar er átt við, að kostun landvörslu megi ekki alfarið vera háð fjölda heimsóknargesta eða sértekjuöflun. Verndargildi svæða getur verið hátt, viðkvæmni mikil svo og áhrif af umgengni, jafnvel þótt gestir séu fáir. Á slíkum svæðum þarf ekki síður að tryggja landvörslu, svo markmið um verndun og aðgengi sé náð.

Stofnanir friðlýstra svæða hafa mögulega fram til þessa útfært landvörslu með ólíkum hætti - og skilgreiningu starfa við landvörslu og upplýsingagjöf. Enn fremur hefur Landvarðafélag Íslands nýlega sett fram framtíðarsýn um landvörslu. Þá forsögu þyrfti að skoða, með tilliti til áður nefndrar greiningar, en enn fremur skoða í samhengi við reglugerð um landverði.

Að mati VJP er áriðandi að nýta tækifæri sem skapast samhliða áformaðri sameiningu stofnana til þess að ná aukinni samlegð í skipulagi landvörslu og eflingu hennar innan þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða.

Virðingarfyllt,

_____(Rafræn undirritun)_____

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Sviðsstjóri á sviði stefnu og starfshátta
hjá Vatnajökulsþjóðgarði

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Kennitala: 0405784989

Tími: 31.05.2023 16:03

Samþykkt

Undirritað með **OneSign**